



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarstarfsemi o.fl. (489.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í breytingar er varða markaðssetningu, stjórnarhætti og eftirlit á váttryggingarmarkaði.

Viðskiptaráð Íslands tekur að mestu leyti undir [athugasemdir SFF](#) er varða einstakar greinar þessa frumvarps. Ein þeirra lýtur að viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, en undirritaður hefur ásamt öðrum komið að gerð slíkra [leiðbeininga](#). FME kom að gerð þeirra sem áheyrnarfulltrúi.

Um þennan þátt er fjallað í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem aftur tengist 2. mgr. 3. gr. þess. Í síðarnefnda ákvæðinu er kveðið á um að FME skuli setja reglur um hvað teljist góðir viðskiptahættir. FME hefur nýlega gefið út [umræðuskjal](#) þar að lútandi, en ljóst er af efnistöfum þeirra hversu vandasamt verkefni það er að reglusetja svona matskennt efni. Orðalag þeirra fjögurra efnisákvæða, af fjórtán, er bæði opið og afar huglægt. Viðkomandi fyrirtæki hafa því takmarkaða leiðsögn um framhaldið og eftirlitshlutverk FME er flækt um of. Því er alls óvíst hverju umræddar reglur bæta við áður nefndar leiðbeiningar, eða aðrar svipaðar, og núgildandi tilmæli FME á sviði heilbrigðra viðskiptahátta sem bent var á í umsögn SFF.

Því væri heppilegt ef nefndin myndi kanna hvort umræddum reglum sé vegna þessa ekki ofaukið í frumvarpinu og þá í lögum um fjármálafyrirtæki.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Framkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands